

Börkur Sigurbjörnsson

# Heiðarleg vinna

örsaga



Urban Volcano

# Heiðarleg vinna

## Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023  
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölrítun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.

\$\$\$  
\$\$\$ \$\$\$ \$\$  
\$\$\$ \$\$\$ \$\$  
\$\$\$ \$\$  
\$\$\$ \$\$  
\$\$\$ \$\$\$ \$\$

## Heiðarleg vinna

---

„Er ekki bara kominn tími til þess að fá sér heiðarlega vinnu?“

Ég veit að hún meinti þetta ekki illa. Henni var annt um mig. Spurningin stuðaði mig samt sem áður. Ég túlkaði orð hennar eins og áfellingisdóm samfélagsins yfir mínum lífsstíl.

Mér fannst eins og samfélagið þylði ekki að ég ynni stopula vinnu sem verktaki og tæki mér tíma þess á milli til þess að hugsa. Tíma til þess að röltu um götur borgarinnar. Tíma til þess að horfa á heiminn snúast í kringum mig. Tíma til þess að

fanga orð sem ég fann á förnum vegi, hripa þau niður í stílabók og raða svo saman í ljóð.

Mér var fullkomlega ljóst að samfélagið vorkenndi mér fyrir að leigja herbergiskitru í fyrrum atvinnuhúsnæði í miðbænum þegar því fannst ég hæglega geta verið millistjórnandi í stórfyrirtæki og keypt mér einbýlishús í einu úthverfinu. Samfélaginu fannst ég vera að kasta hæfileikum mínum á glæ með því að rölta hægt um bæinn í stað þess að þeysast um göturnar á Dodge RAM.

Samfélagið fannst það ekki heiðarlegt af mér að gera ekki allt sem í mínu valdi stæði til þess að hámarka verga landsframleiðslu. Gjaldeyrirtekjunnar maður. Gjaldeyrirtekjurnar. Því fannst ég ekki borga nógu háa skatta svo að hægt væri að gefa fleiri gagnaverum skattaafslátt til þess að grafa rafmyntir. Það var hneykslað yfir þeim töpuðu tækifærum til þess að nýta græna orku sem löturhægi og órafmagnaði þvælingur minn leiddi af sér.

Samfélagið hafði sínar væntingar og ég var ekki að uppfylla þær.

Megi samfélagið eiga sig. Ég var sáttur við minn hlut.

## Um höfundinn

---

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo, París og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

## Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano